

ÚRSKURÐUR

Héraðsdóms Norðurlands eystra miðvikudaginn 18. júlí 2007 í máli

nr. S-93/2007:

Ákærvaldið

(Svavar Pálsson fulltrúi)

gegn

X

(Sigmundur Guðmundsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var þann 15. júní sl., er höfðað með ákæru saksóknara efnahagsbrota, útgefinni 17. apríl 2007, á hendur X...

„fyrir umboðssvik með því að hafa þriðjudaginn 29. ágúst 2006, misnotað aðgang sinn að gjaldeyrisviðskiptakerfi í Netbanka hlutafélagsins Glitnis, með því að nýta sér með kerfisbundnum og sviksamlegum hætti kerfisvillu í gjaldeyrisviðskiptakerfinu, sem var til komin vegna mistaka starfsmanna félagsins við forritun þess sem leiddi til þess að kaup- og sölugengi víxlaðist, og hafa þannig aflað sér kr. 348.592,59 með samtals 107 færslum á gjaldeyrisreikningum sínum nr. 565-38-710143 og 565-38-100089 þar sem hann í öllum tilvikum keypti dollara fyrir evrur og seldi síðan strax aftur fyrir evrur. Vegna kerfisvillunnar fékk ákærða í öllum tilvikum í þessum viðskiptum til sín þá fjárhæð sem undir eðlilegum kringumstæðum rennur til bankans í formi álags.

Telst þetta varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar fyrir framangreint brot.“

Verjandi ákærðu krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara að refsing verði felld niður og til þrautavara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann þess að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði þ.á.m.hæfileg

málsvarnarlaun sér til handa.

Í 1. mgr. 25. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála segir að með ákærvald fari ríkissaksóknari og lögreglustjórar, þar á meðal ríkislögreglustjóri. Í 4. mgr. sömu lagagreinar er dómsmálaráðherra fengin heimild til að skipa saksóknara við einstök embætti lögreglustjóra, þar á meðal embætti ríkislögreglustjóra, til að annast saksókn og málflytning samkvæmt lögum þessum í umboði þeirra.

Þann 11. desember 2006 setti dómsmálaráðherra reglugerð um rannsókn og saksókn efnahagsbrota nr. 1050/2006, sem tók gildi 1. janúar 2007.

Í 1. mgr. 1. gr., sbr. 3. gr. reglugerðarinnar er saksóknara efnahagsbrota falið að annast rannsókn á tilgreindum brotum og meðferð þeirra mála fyrir dómstólum. Í 4. mgr. 1. gr. segir að saksóknari efnahagsbrota, sem sé skipaður til starfa hjá ríkislögreglustjóranum samkvæmt heimild í lögum um meðferð opinberra mála, sé í fyrirsvari fyrir rannsóknnum efnahagsbrota. Hann annist ákærvald ríkis lögreglustjórans vegna efnahagsbrota en beri faglega ábyrgð gagnvart ríkissaksóknara. Í 6. mgr. kemur fram að ríkissaksóknari geti gefið fyrirmæli um meðferð einstakra mála hjá saksóknara efnahagsbrota, kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd rannsóknar og fylgst með henni og í því sambandi er vísað til 5. mgr. 27. gr. laga um meðferð opinberra mála þar sem fjallað er um stöðu ríkissaksóknara gagnvart „öðrum ákærendum“.

Í 1. mgr. 2. gr. framangreindrar reglugerðar er saksóknara efnahagsbrota falið að taka ákvörðun um hvort höfða skuli mál á grundvelli rannsóknar sem hann hefur látið framkvæma. Hann höfði mál í nafni saksóknara efnahagsbrota og flytji þau fyrir héraðsdómi nema ríkissaksóknara beri að höfða málið samkvæmt fyrirmælum laga um meðferð opinberra mála.

Í 7. gr. reglugerðarinnar segir að reglugerðin sé sett með heimild í 3. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 8. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, með síðari breytingum.

Af þessu verður ráðið að saksóknara efnahagsbrota sé með framangreindri reglugerð í raun falið sjálfstætt ákærvald. Ekki verður talið að í tilvitnuðum ákvæðum lögreglulaga felist heimild til að stofna embætti sjálfstæðs handhafa ákærvalds enda eru meginreglur um ákærvaldið í lögum um meðferð opinberra mála. Í 1. mgr. 25. gr. laga um meðferð opinberra mála kemur fram hverjir fara með ákærvaldið. Verður að telja að með ákvæðum umræddrar reglugerðarinnar sé farið út fyrir heimild 4. mgr. 25. gr. laga um meðferð opinberra mála sem heimilar aðeins skipun saksóknara sem annist saksókn og málflytning í umboði lögreglustjóra. Verður saksóknara efnahagsbrota ekki falin sjálfstæð meðferð ákærvalds með reglugerð að óbreyttum lögum. Brast hann því heimild til að gefa út ákæru í máli þessu í eigin nafni. Er því ekki hjá því komist að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi.

Eftir úrslitum málsins og 1. mgr. 166. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður allur sakarkostnaður felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Sigmundar Guðmundssonar hdl., sem þykja hæfilega

ákveðin kr. 300.000, að virðisaukaskatti meðtöldum.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur tafist vegna anna dómans.

Úrskurðinn kveður upp Freyr Ófeigsson, dómstjóri.

ÁLYKTARORÐ:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Sakarkostnaður, þ.á.m. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Sigmundar Guðmundssonar hdl., kr. 300.000, greiðist úr ríkissjóði.

Freyr Ófeigsson.